



Vesturlandskógar

Ársskýrsla Vesturlandskóga 2007

Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2007

Gert í júlí 2008. Yfirfarið í maí 2010.

S.Á.

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2007.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Veðurfar	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs	4
Fjárveitingar	4
Stjórn Vesturlandsskóga	4
Samningar við bændur	4
Helstu framkvæmdir	4
Gróðursetning til fjölnytjaskóga	4
Skjólbeltarækt	5
Áburðargjöf	6
Jarðvinnsla	6
Kortlagning og áætlanagerð	6
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni	6
Heimasíða Vesturlandsskóga	7
Töflur:	8-10

Viðauki I :

Fundur stjórnar Vesturlandsskóga árið 2007

Inngangur.

Árið 2007 var áttunda starfsár Vesturlandsskóga. Vesturlandsskógar studdu sem áður við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV) með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Sú breyting varð þó á þeirri útgáfu, að fréttabréfið er nú orðið kafli inni í Skessuhorni, en ekki sérblað, sem sent er eingöngu til félagsmanna og nokkurra annarra útvalinna.

Starfsmenn, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Rakel Jónsdóttir starfaði auk þess hjá Vesturlandsskógum um tveggja mánaða skeið um sumarið. Verkaskipting milli fastra starfsmanna var með hefðbundnum hætti eða svipuð og árið áður. Svæði Vesturlandsskóga skiptist þannig milli starfsmanna, að Guðmundur sinnir Snæfellsnesi og Mýrunum vestan Borgarhrepps, Suður-Borgarfirði og Kjósasýslu. Sigríður Júlía Borgarfjarðarsýslu norðan Heiðar, Borgarhreppi, Norðurárdal, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Hvítársíðu. Saman sinna Guðmundur og Sigríður Júlía Dalabyggð og Saurbæ. Rakel vann mest að úttekt á lifun í gróðursetningum frá því í aðdraganda Vesturlandsskóga, sumsé í nokkrum hinna elstu gróðursetningum, sem Vesturlandsskógar hafa með að gera, einkum í torfunni, sem samanstendur af Deildartungu, Brekkukoti, Hurðarbaki og Gróf ofan við Þjóðveginn.

Veðurfar.

Árið 2007 skipti nokkuð í tvö horn með árgæsku. Síðveturinn var heldur kaldari en undanfarin ár, þ.e. janúar og febrúar. Hins vegar var mars óvenjuhlýr og sama að segja um apríl, þannig að vorið kom tiltölulega snemma. Maí var fremur svalur en gróður hraktist þó venju fremur lítið í þeim kuldaköstum, sem hann hafði uppá að bjóða. Júní, júlí og ágúst voru hlýir mánuðir, en með afbrigðum þurrir. Júlímánuður var í Reykjavík sá næsthlýjasti frá upphafi mælinga. Í lok ágúst brá til hrakviðra og hélst sú tíð með litlum hléum til áramóta. Hvasviðri voru óvenjutíð á þessu tímabili og úrkoman sló hvert metið á fætur öðru. Hitinn í september var mjög nærri meðallagi, reyndar aðeins yfir meðallagi, svo vonandi náði trjágróður að búa sig sæmilega undir veturinn, þótt talsvert hafi skort uppá sólarbirtu.



Á Rauðkollsstöðum og víðar í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur nú verið sannað, að hægt er að rækta skjólbelti og javnel skóg á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom nokkuð vel undan vetri og tók góðum framförum um sumarið, einkum á stöðum þar sem jarðraki var nægur. Þetta árið tókst rússalerkinu að rétta nokkuð við, eftir vorhrakföll undanfarinna ára.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu kr. 67,7 milljónum, sem er aukning um 4,6% frá árinu áður, þegar þær voru 64,7 milljónir króna, en samt langt undir þeirri langtímaáætlun, sem alþingi samþykkti vorið 2003. Þess er þó að geta, að kr. 9 milljónir fengust á fjáráukalögum fyrir þetta ár. Var um að ræða uppsafnaða þörf fyrir leiðréttingu, m.a. vegna tjóns á bifreið og flutnings í nýtt húsnæði á nýliðnum árum. Heildarhækkun fjárlagaheimilda var því nærri 20% á milli ára.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt aðeins tvo fundi á árinu 2007. Þá er ekki talinn með “fundur” sem fólst í því, að stjórn Vesturlandsskóga, stjórn og varastjórn FsV og starfsmenn Vesturlandsskóga skoðuðu skógrækt á Mýrum og á Snæfellsnesi dagana 4. og 5. júlí. Stjórnin var eins skipuð og árið áður: Formaður er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Samningar við bændur.

Árið 2007 var unnið að nýju og samræmdu samningsformi vegna nytjaskógræktar á jörðum bænda. Þetta nýja samningsform verður nánast eins fyrir öll landshlutaverkefni og byggir á lögunum frá 2006. Lokafrágangur samningsins var gerður í nóvember og engir nýjir samningar bættust við þá sem fyrir voru, það sem eftir lifði ársins. Því eru nú í gildi samningar við 101 bónda, eins og árið áður.

Árið 2007 voru gerðir skjólbeltasamningar við 3 bændur. Hafa því alls verið gerðir skjólbeltasamningar við 131 bændur á Vesturlandi.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga

Á árinu 2007 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga 856 þúsund plöntur á 56 jörðum. Þetta er 8,9% aukning frá árinu áður og því miður mun meira, en fjárveitingar leyfðu strangt til tekið. Sá kostur var samt tekinn, að fara frekar fram úr

fjárлагаheimildum, en að fleygja plöntum. Aðeins voru lagðir 8,1 km af skjólbeltaplasti þetta árið. Hins vegar voru settar 22.500 plöntur og stiklingar í skjólbelti þetta árið, þ.a. 2.800 plöntur í skjólbelti, þar sem ekki var plastlagt. Ljóst er því, að mikið af plöntum og stiklingum fór í að bæta inní eldri skjólbelti. Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	36.890
Sitkagreni:	191.525
Stafafura:	283.600
Rússalerki:	163.595
Blendingslerki:	9.480
Lindifura:	2.000
Ilmbjörk:	118.680
Hengibjörk:	380
Alaskaösp:	33.930
Fjallapöll:	4.320
Gráelri:	4.800
Viðja:	2.750
Gulvíðir:	550
Körfuvíðir:	415
Hreggsstaðavíðir:	762
Alaskavíðir:	2.475
Alaskayllir:	216
Samtals:	856.000

Hlutfallið milli sitkagrenis og sitkabastarðs hefur breyst milli ára, þannig að nú bregður svo við, að í stað þess að bastarðurinn væri tæp 30% af þesum tegundum samtals var hann aðeins 16% þetta árið. Líklega er hlutfallið af bastarði orðið fulllítið, enda víða á Vesturlandi, sem lítil úrkoma gerir bastarðinn sennilega álitlegri en hreinna sitkagreni. Má þar nefna t.d. norðurdali Borgarfjarðar, Skógarströndina og hluta Dalasýslu. Þó ber þess að geta, að á undanförunum árum, hafa mildir vetur með maífrosti á lifnandi plöntur komið hvað verst niður á lifun sitkabastarðs, þannig að jafnvel í eldri gróðursetningum hafa orðið töluverð afföll. Um 30% meira var gróðursett af stafafuru en á fyrra ári, aðeins um 7% meira af rússalerki. “Blendingslerkið” er blendingur milli rússalerkis og evrópulerkis og lofar afargóðu á Vesturlandi. Það hefur aðeins verið gróðursett í litlum mæli áður á Vesturlandi og aldrei fyrr á vegum Vesturlandsskóga. Gróðursett var 4% meira af birki en árið áður, en mun minna af alaskaösp, eða aðeins rúmlega helmingur miðað við 2006. Nú voru settar sjöfalt fleiri fjallapöllir en árið áður. En er þó um lítið magn að ræða, enda hentar hún ekki nema í skjóli og er því notuð til íbóta í eldri gróðursetningar. Að þessu sinni var settur niður slatti af gráelri, en ekkert sitkaelri. Gráelrið er meira spennandi en sitkaelrið að því leyttinu til, að það verður hávaxnara, nánast einstofna tré, meðan sitkaelrið verður aðein 3-4 m hár runni. En báðar tegundirnar bæta mjög jarðveginn.

Í töflum I og II, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðirnar eftir tegundum í vor- og haustgróðursetningu.

Skjólbeltarækt

Árið 2007 var sett mun minna af skjólbeltum en sl. ár, eða líðlega 18 km miðað við einfalda röð. Hins vegar voru settar samtals yfir 56 þúsund plöntur og stiklingar, því mikið var um íbætur í eldri beltum. Lifun stiklinga og plantna í skjólbeltum árið 2005 hafði víða verið léleg sökum þurrka. Eins drapst talsvert af öspum og jafnvel víði í maíhretinu það árið, enda farnar að lifna, þegar hretið skall á. Svo virðist sem plöntur og stiklingar í skjólbeltum hafi lifnað nokkuð vel, þ.e.a.s. það sem gróðursett var vorið 2006.

Í Töflu III á öftustu síðu má sjá, hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.

Flest skjólbelti, sem ræktuð hafa verið á Vesturlandi undanfarin ár, eru einnar raðar víðibelti. Það skal ítrekað, að mikilvægt er, að láta ekki staðar nema við svo búið, heldur bæta við fleiri röðum í skjóli hins uppvaxandi víðis, trjáröðum með ýmsum tegundum, m.a. tegundum, sem verða mun hávaxnari en víðirinn, svo sem alaskaösp, álmi, selju, reyniviði og gráelri, en runnategundum inni á milli, til að þétta lágskjólíð og skyggja út grasvöxt.

Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn” frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu, en heldur minna í kringum lerkiplöntur. Þó var mönnum ráðlagt að bera ekki á, þar sem handfleckjað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum.

Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 8 ha lands á 2 jörðum, þ.e. Oddsstöðum í Miðdölum (6 ha) og Hjarðarholti í Stafholtstungum (2 ha).

Kortlagning og áætlanagerð.

Engar nýjar skógræktaráætlanir voru gerðar á árinu 2007.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Héraðs- og Austurlandsskógar stóðu fyrir vel heppnaðri ráðstefnu undir yfirskriftinni: Skógur er meira en tré. Efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur skógræktar. Var ráðstefnan haldin á Eiðum dagana 22. og 23. mars. Um miðjan ágúst fóru nemendur í Grænni Skógum I í utanferð til Skotlands, til að kynna sér skógrækt og skóga í Skotlandi. Fararstjóri var Arnlín Óladóttir. Var þetta ógleymanleg ferð, sem rúmlega 30 manns tóku þátt í. Annars voru haldin 6 Grænni Skóga námskeið á árinu, og skjólbeltanámskeið fyrir alla, svokallað grunnnámskeið. Guðmundur Sigurðsson fór á skjólbeltanámskeið til Danmerkur, sem stóð í 5 daga. Var það í október.



Skógarfura í foksandi í Sutherland á austurströnd Skotlands.



Illgresishreinsun með dráttarvél í 6 raða skjólbelti á Jótlandi

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir sér um heimasíðuna. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>



Þátttakendur og leiðbeinendur á jólatrjánámskeiði í apríl 2007

Gert á árinu 2008, en yfirlestið og gefið út í maí árs 2010. S.Á.

Tafla I: gróðursetning 2007

	Lerki	SF	SG	SB	AÖ	AÖ stíkl.	Græftri	Lindifura	HB	IB	Fjallapöll	A. Yllir og víðir	Samtals
Jörð:													
Álfatraðir og Gautastaðir	11080	22520	0	2000	1050	0	400	0	0	10000	0	0	47050
Ás	0	0	440	0	105	0	80	0	0	240	0	0	865
Ásgarður	0	0	10010	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10010
Birkihlíð	2000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4000
Breiðabólsstaður	26614	44535	42765	4000	315	7321	1000	0	240	40519	200	0	167509
Búðardalur I og II	20280	20000	25940	17570	1050	12600	80	0	0	16800	120	0	114440
Brenna	0	0	0	2000	1050	0	0	0	0	0	0	0	3050
Bær	0	1000	1015	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2015
Dalsmynni	0	400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	200	600
Einifell	2120	1760	800	720	0	0	400	400	0	40	400	0	6640
Fossatún	0	0	700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	700
Grímsstaðir	0	0	350	80	0	0	0	0	0	0	0	0	430
Gróf	200	2400	0	0	0	0	0	200	0	2000	200	0	5000
Grund	0	40	175	0	0	0	0	0	0	0	0	0	215
Hafnarsel	1280	2000	3465	0	280	0	0	0	0	1000	0	0	8025
Hamar	400	400	350	0	0	0	0	0	0	160	0	0	1310
Háls	3000	5640	1000	1400	210	0	0	0	0	0	0	0	11250
Hjarðarholt	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	80	175	255
Hrútsstaðir	920	2000	70	0	350	0	200	0	0	1000	200	0	4740
Hvanneyri	480	2440	3990	0	350	0	0	0	0	1480	0	144	8884
Hæll	2240	0	4725	0	1305	0	0	0	0	2000	0	240	10510
Innra-Leiti	200	59800	23360	0	0	4300	880	0	0	12120	160	0	100820
Jörfi	2480	2400	35	0	0	0	400	0	0	0	0	0	5315
Kalastaðakot	2000	3000	1000	0	350	0	0	0	0	2000	0	0	8350
Kirkjuból	24240	18120	31010	3000	0	0	160	0	0	1000	0	144	77674
Krókur	10960	5000	0	0	0	40	0	0	0	3360	0	0	19360
Litla-Fellsöxl	0	2000	3990	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5990
Litli-Kroppur	4080	28647	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	32727
Ljarkot	0	0	70	0	105	0	0	0	0	200	0	0	375
Lýsudalur	3000	10000	5000	0	500	0	0	0	0	2000	0	144	20644
Magnússkógar	0	0	1400	0	0	0	400	0	0	0	0	0	1800
Miklaholtssel	3000	15000	3000	0	0	0	0	0	0	2000	0	0	23000
Möðruvellir	120	1000	1000	0	0	0	0	0	0	400	0	0	2520
Nýp	720	0	1890	0	0	0	0	0	0	1120	0	0	3730
Oddsstaðir í Miðdölum	0	0	1995	0	350	0	0	0	0	400	0	0	2745
Oddsstaðir II	1600	1000	1015	0	105	0	320	200	140	240	80	96	4796
Ormsstaðir	1920	0	35	0	105	0	0	0	0	0	0	0	2060
Rauðkollsstaðir	0	3600	1000	0	0	0	0	0	0	1200	0	0	5800
Sauðafell	2000	2000	0	0	0	0	0	0	0	1000	0	0	5000
Setberg	320	1600	0	1000	0	0	0	0	0	1000	0	0	3920
Sigmundarstaðir	0	5040	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5040
Skógarsel	10040	0	0	0	0	0	0	0	0	0	200	60	10300
Sólheimar	520	520	1015	0	0	0	0	0	0	600	0	0	2655
Stóri Ás	7341	0	4210	3120	0	0	0	0	0	0	560	0	15231
Steindórsstaðir	600	0	0	0	250	0	0	0	0	0	200	593	1643
Stóri Kroppur	5000	6000	3920	0	105	0	0	0	0	0	0	0	15025
Sveinatunga	12920	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	12920
Söðulsholt	0	0	2550	0	350	1000	0	0	0	0	0	1600	5500

Svínhóll	2600	0	0	0	0	0	440	0	0	1000	0	0	4040
Tungufell	800	0	1995	0	350	0	0	400	0	2000	0	3072	8617
Úlfsstaðir	0	5000	1400	0	0	0	0	320	0	0	200	0	6920
Vatnshamrar	0	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	700	1700
Vilmundarstaðir	1600	1218	35	0	0	0	0	480	0	0	1720	0	5053
Vígholtsstaðir	0	0	3000	0	0	0	0	0	0	400	0	0	3400
Vörðufell	4000	5520	0	2000	0	0	0	0	0	11000	0	0	22520
Ytri-Skeljabrekka	400	0	805	0	35	0	40	0	0	400	0	0	1680
Samtals	173075	283600	191525	36890	8670	25261	4800	2000	380	1E+05	4320	7168	856368

Skammstafanir:

RL	SB	Sitka-xHvítgreni	A.yllir	Alaskayllir
BLerki	AÖ	Alaskaösp		
SF	HB	Hengibjörk		
SG	IB	Ilmbjörk		

Tafla 2
Skjólbelti á vegum Vesturlandsskóga 2007.

Jörð:	Stiklingar						Plöntur						Samtals	Plást m
	AV	AÖ	HV	SV	Viðja	KV GV MV	AÖ	KV HV FP	SB	SG	GE	Runnar	Pl. og stíkl.	
Arnarholt												42	42	
Bakki	600			300	700	200		48					1848	1700
Beitistaðir								120					120	
Belgsholt	500				500	500		216				280	1996	
Efra Skarð	2500				1600			432					4532	2410
Eilífsdalur		700	700			400						80	1880	560
Erpsstaðir	500												500	
Geirshlíð				250	100								350	
Geldingaá			300			300						100	700	
Hafnarsel	200												200	
Háhóll								240					240	
Heggsstaðir	150			60	150	100						40	500	231
Hraunsmúli	50	100	85		50								285	
Hvanneyri	400	1050			200	650		144				202	2646	2270
Kirkjuból		50			450	450							950	818
Lyngbrekka	500												500	
Reitur								120	80				200	
Skarð			350		350							10	710	
Sogn	500						300	96				212	1108	
Sæla							40			2695	80		2815	
Vígholtsstaðir	60	60		50		110						130	410	115
Alls:	5960	1960	1435	660	4100	2710	340	1416	80	2695	80	1054	22490	8104

Viðauki I

Fundargerðir stjórnar Vesturlandsskóga• 30. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn í fundarherberginu í risi Hvannahússins á Hvanneyri föstudaginn 2. mars kl. 13:30 2007.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Bréf frá Rannsóknastöðinni á Mógilsá, varðandi kippu rannsókna á næstu árum.
3. Ný staða í Grænni skógum.
4. Afkoma Vesturlandsskóga árið 2006. Fjárveiting árið 2007.
5. Niðurstaða útboðs á plöntum vegna áranna 2008 og að hluta 2009.
6. Stjórnarlaun. Endurskoðun upphaflegs taxta tímabær?
7. Jólatrjáataka úr skógræktarreitum.
8. Afgreiðsla nýs samræmds samningsforms vegna nytjaskógræktar á bújörðum .
9. Ráðstefna á Eðum í mars.
10. Önnur mál.

Mættir stjórnarmennirnir Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt athugasemdarlaust.
2. Lagt fram bréf frá Rannsóknarstöðinni á Mógilsá varðandi kippu rannsókna á næstu árum, varðandi úttekt á afdrifum gróðursetninga undanfarinna ára hjá LHV og fjárstuðning við það verkefni. Samþykkt var að veita verkefninu fjárstuðning samkvæmt beiðni en jafnframt lagt til að starfsmaður frá Vesturlandsskógum kæmi að verkefninu og hans vinna yrði hluti af framlaginu. Sigvalda falið að ganga til samninga við Mógilsá.
3. Sigvaldi kynnti nýja stöðu varðandi verkefnið Grænni skóga. Framleiðnisjóður greiðir nú framlag í “Starfsmenntasjóð bænda beint , en ekki beint til Grænni skóga eins og áður. Starfsmenntasjóður bænda úthlutar úr sjóðnum að hámarki 18.000 kr. á tveggja ára fresti. Er hér um verulegra minna framlag til verkefnisins en hefur verið áður. Valgerður framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga hefur verið skipuð af hálfu LHV í “undirbúningshóp” vegna Grænni skóga.
4. Sigvaldi gerði grein fyrir afkoma Vesturlandsskóga árið 2006. Á síðasta ári var var farið fram úr fjárveitingum sem nam um 5 milljónum sem er nokkru meira en áður var áætlað. Lagt er upp með rekstraráætlun, sbr. fylgiskjal, sem gerir ráð fyrir um 7 milljóna yfirkeyrslu til viðbótar á þessu ári. Sigvaldi vill sækja um aukafjárveitingu í sambandi við fjáraulög, sbr. fylgiskjal. Samþykkt var að fela Sigvalda að sækja um aukafjárveitingu.
5. Niðurstaða útboðs á plöntum vegna áranna 2008 og að hluta 2009. Gróðrarstöðin á Lágafelli bauð lægst í plöntuframleiðslu og er þegar búíð að að ganga til samninga við hana. Um er að ræða samning um 224.450 skógarplöntur á 7.159.850 kr.
6. Stjórnarlaun. Sigvaldi kynnti hugmyndir framkvæmdastjóra innan LHV um að stjórnarlaun verði samræmd milli verkefnanna. Sigvalda falið að vinna að málinu.
7. Jólatrjáataka úr skógræktarreitum. Sigvaldi kynnti ákvæði í nýju samningsformi (grein 7). Sigvalda falið að leita eftir að samræmdar reglur milli verkefnanna verði gerðar.
8. Sigvaldi kynnti nýtt samræmd samningsform vegna nytjaskógræktar á bújörðum, sem hefur verið samþykkt af landbúnaðráðuneyrtinu.
9. Kynnt var ráðstefnan “Skógur er fleira en tré” daganna 22. og 23. mars sem haldin verður á Eiðum. Seinni daginn verður efni frá starfsmönnum Mógilsár.
10. Önnur mál voru engin.
11. Fundi slitið kl. 15.10

31. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

*haldinn í fundarherberginu í risi Hvannahússins á Hvanneyri
föstudaginn 21. september 2007. Fundurinn hófst kl. 14:00.*

Mættir stjórnarmennirnir: Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt athugasemdarlaust.
2. Fyrirhugaður flutningur Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar frá landbúnaðarráðuneytinu til Umhverfisstofnunar ríkisins ræddur og hugsanleg áhrif á landshlutaverkefni.
3. Grænsíða, sem er upplýsingakerfi fyrir verkefni er að mestu tilbúin en er full þung í vinnslu. Sigríður Júlía fer á fund og námskeið um Grænsíðu í október.
4. Betra líf. Betra líf er samstarfsverkefni milli Mógilsár og verkefnanna um úttekt á árangri gróðursetninga. Stjórn Vesturlandsskóga er tilbúin að styrkja verkefnið, sjá samþykkt á 30. stjórnarfundum liður 2.
5. Námskeið um skjólbeltarækt í Danmörku í október, stjórnin samþykkir að senda einn starfsmann Vesturlandsskóga á námskeiðið.
6. Ársreikningur fyrir árið 2006 lagður fram og undirritaður af stjórnarmönnum.
7. Sigvaldi gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Vesturlandsskóga. Gert er ráð fyrir umframkeyrslu þessa árs um a.m.k. 5 milljónir. Sigvaldi hefur farið fram á aukafjárveitingu uppá 12 milljónir vegna flutninga í nýtt skrifstofuhúsnæði 2003, viðgerðar á bíl 2006 og gróðursetningar umfram fjárveitingu 2006 og 2007.
Sigvaldi stefnir að heimsókn til fjárlaganefndar Alþingis ásamt Skúla vegna umsóknar um aukafjárveitingu.
8. Nýjar umsóknir um inngöngu í Vesturlandsskóga.
Þegar er unnið að samningum og rekstraráætlunum vegna :
Húsafells í Hálsasveit, Múlastaða í Flókadal, Hafþórsstaða í Norðurárdal, viðbótar á Innra Leiti á Skógarströnd, Setbergs á Skógarströnd, viðbótar á Álfatröðum/Gautastöðum, viðbótar á Breiðabólstað í Miðdölum, Brekku á Hvalfjarðarstönd, Efra Skarðs í Svínadal. Jarðir, þar sem sótt hefur verið um , en eru skemmra á veg komnar:
Stækkun í Sveinatungu í Norðurárdal, Seljaland í Hörðudal, Þórdísarstaðir við Grundarfjörð, Kvíabryggja við Grundarfjörð, spilda úr landi Galtarvíkur við Hvalfjörð, verður að lögbýli, Þormóðsdalur í Mosfellssveit, Ytri Garðar III, Ægissíða í Staðarsveit verður að lögbýli.
9. Önnur mál. Sigvaldi hefur verið að kynna sér breytingar á vistun tölvugagna fyrir Vesturlandsskóga og hefur verið í viðræðum við Nepal. Sigvalda falið að vinna áfram að málinu.

Fundi slitið kl. 15.40.